

**Nd.**

**478. Breytingartillögur**

[204. mál]

við frv. til laga um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Við II. kafla.

1. Við 6. gr. Greinin falli niður.
2. Við 9. gr. (er verði 8. gr.). Greinin orðist svo:
  16. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 8. gr. laga nr. 7/1972 og 3. gr. laga nr. 10/1974, orðist svo:

Ef foreldrar barns, sem ekki er fullra 17 ára í byrjun þess almanaksárs þegar skattur er lagður á, búa ekki saman og annað þeirra hefur barnið hjá sér en hitt greiðir meðlag skal meðlagsgreiðslan talin að hálfu til tekna hjá því foreldri, sem við henni tekur, og að hálfu til frádráttar frá tekjum þess foreldris, sem innir hana af hendi. Meðlagsgreiðsla til einstæðs foreldris telst ekki til tekna hjá því. Greiddur barnalífeyrir skv. 14. gr. og 35. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, vegna barns, sem ekki er fullra 17 ára í byrjun þess almanaksárs þegar skattur er lagður á, skal teljast að hálfu til tekna ef annað hvort foreldra er látið eða barnið er ófeðrað. Þó telst hann ekki til tekna hjá einstæðu foreldri. Meðlagsgreiðslur samkvæmt þessari málsgrein skulu takmarkaðar við sömu upphæð og fjárhæð þess barnalífeyris nemur, sem greiddur er skv. 14. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar.

Frá tekjum þeirra, sem eru við nám, er heimilt að draga námskostnað að mati ríkisskattstjóra.
3. Við 10. gr. (er verði 9. gr.)
  - a) 3. tl. 1. mgr. B-liðar orðist svo:
    3. Fyrir einstætt foreldri, sem heldur heimili og framfærir þar barn sitt, sem ekki er fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, sem skattur er lagður á, 145 000 kr.
  - b) 2. mgr. B-liðar orðist svo:

Nemi persónuafsláttur skv. 1., 2. eða 3. tl. þessa staflíðar hærri fjárhæð en reiknaður skattur af skattgjaldstekjum skv. 1. eða 2. tl. A-liðar þessarar greinar skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þessum mun og skal því ráðstafað fyrir hvern mann til greiðslu útsvars gjaldársins. Sá hluti persónuafsláttar mannsins, sem enn er óráðstafað, fellur niður.
  - c) 3. mgr. B-liðar orðist svo:

Þó skal aldrei koma til skuldajafnaðar hærri fjárhæð en sem nemur mismun persónuafsláttar og 20% af vergum tekjum til skatts, þegar frá þeim hafa verið dregnar 250 000 kr. hjá einstaklingi og hjá hvoru hjóna, sem telja fram hvort í sínu lagi, en 375 000 kr. hjá samsköttuðum hjónum.
  - d) Í stað tveggja fyrstu málslíða 5. mgr. B-liðar komi:

Karli og konu, sem búa saman í óvígðri sambúð og átt hafa barn saman, er heimilt, að skriflegri beiðni beggja, að fara þess á leit við skattstjóra að hann sameini skattgjaldstekjur þeirra og skattgjaldseign til skattgjalds á nafni karlmannsins, enda séu þau þá bæði háð ákvæðum 2. og 3. málsl. 1. mgr. og 4. mgr. 3. gr. um ábyrgð skattgreiðslu. Tekjuskattur reiknast þá samkvæmt 2. tl. A-liðar þessarar greinar og persónuafsláttur samkvæmt 2. tl. þessa staflíðar, eða skv. 16. gr. laganna. Nú búa foreldrar barns saman í óvígðri sambúð og skal þá hvorugt þeirra teljast einstætt foreldri skv. þessum staflíð þótt þau framfæri á heimilinu barn sem þau hafa ekki átt saman.
  - e) Við B-lið bætist ný mgr., er verði síðasta mgr. B-liðar og hljóði svo:

Þeir, sem taka upp heimilisfesti hér á landi á skattárinu, skulu einungis njóta persónuafsláttar í hlutfalli við dvalartíma sinn hér á landi á því ári.

- f) Á eftir orðinu „þess“ í 2. málsli. 3. mgr. C-liðar bætist:  
Svo og annarra barna, sem þau framfæra saman á heimilinu
- g) Við C-lið bætist ný mgr., er verði næstsiðasta mgr. C-liðar og hljóði svo:  
Fyrir barn, sem öðlast heimilisfesti hér á landi á skatiárinu, skal einungis greiða barnabætur í hlutfalli við dvalartíma þess hér á landi á því ári.
- h) Orðið „Skattgjald“ í D-lið falli niður. Í stað þess komi orðið: Tekjuskattur.
4. Við 11. gr. (er verði 10. gr.). Greinin orðist svo:  
2. ml. 1. mgr. 46. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 8. gr. laga nr. 60/1973, falli niður. Í hans stað komi þrjú nýir málsliðir, er hljóði svo:  
Sé skatturinn eigi greiddur innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkis-sjóði dráttarvexti af því, sem ógreitt er talið, frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnununum, sbr. 13. gr. laga nr. 10 frá 29. mars 1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Dráttarvextir reiknast með sama hætti og hjá innlánsstofnunum.  
Á eftir 1. mgr. 46. gr. sömu laga, sbr. 8. gr. laga nr. 60/1973, komi ný mgr., er orðist svo:  
Nú hefur fjármálaráðherra ákveðið að gjalddagar tekju- og eignarskatts skuli vera fleiri en einn á ári og veldur þá vangreiðsla að hluta því að skattar gjaldandans á gjaldárinu falla í eindaga, þó ekki fyrr en 15. næsta mánaðar eftir að álagningu er lokið.
5. Á eftir 11. gr. (er verði 10. gr.) bætist ný grein, er verði 11. gr. og orðist svo:  
1. ml. 1. mgr. 52. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 60/1973, orðist svo:  
Heimilt er skattstjóra að taka til greina umsókn skattþegns um lækkuð skatgjaldstekna, þegar svo stendur á sem hér segir:  
2. ml. 2. tl. 1. mgr. 52. gr. sömu laga, sbr. 9. gr. laga nr. 60/1973, orðist svo:  
Fallist skattstjóri á umsókn skattþegns skulu skattgjaldstekjur hans lækkaðar um fjárhæð er nemur barnalífeyri skv. 14. gr. laga nr. 67/1971 fyrir hvert barn, sem þannig er ástatt um.  
5. tl. 1. mgr. 52. gr. sömu laga, sbr. 9. gr. laga nr. 60/1973, orðist svo:  
Ef skattþegn hefur orðið fyrir verulegu eignatjóni, m. a. af völdum náttúruhamfara, eldsvoða eða búfjársjúkdóma enda hafi hann ekki fengið tjón sitt bætt úr hendi annarra aðila.
- Við III. kafla.
6. Á undan 13. gr. (er verði 15. gr.) bætist ný grein, er verði 13. gr. og orðist svo:  
Á eftir 3. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1972 komi ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Í sveitarfélagi, þar sem bæði er þéttbýli og dreifbýli, er sveitarstjórn heimilt að undanþiggja fasteignir í dreifbýli álagi á fasteignaskati, sbr. 3. mgr.
7. Á undan 13. gr. (er verði 15. gr.) bætist ný grein, er verði 14. gr. og orðist svo:  
16. gr. laga nr. 8/1972 orðist svo:  
Nú hefur fólksfækkun orðið í sveitarfélagi næstliðið ár og skal þá sveitarfélag fá sérstakt aukaframlag úr Jöfnunarsjóði, sbr. e-lið 8. gr. Framlagið skal nema meðalútsvari á íbúa í landinu í heild næstliðið ár margfaldað með íbúafækkunar-tölunni.  
Fólksfækkunarframlag skal greitt hlutaðeigandi sveitarfélögum eigi síðar en 31. desember ár hvert.
8. Við 14. gr. (er verði 16. gr.). Greinin orðist svo:  
1. mgr. 26. gr. laga nr. 8/1972 hljóði svo:  
Útsvar skv. 25. gr. hjá hjónum, sem telja fram sameiginlega, og einstæðu foreldri, sem hefur fyrir heimili að sjá, svo og fólki í óvígðri sambúð, sem telur fram saman, sbr. 5. mgr. B-liðs 25. gr. laga nr. 68/1971 með áorðnum breytingum, skal lækka um 10 500 kr. og útsvar einstaklings um 7 500 kr. Telji hjón fram hvort í sínu lagi skal hvort um sig fá samsvarandi lækkuð og einstaklingur. Fyrir hvert barn innan 16 ára aldurs, sem gjaldandi hefur á framfæri sínu, sbr. C-lið 25. gr. laga nr. 68/1971 með áorðnum breytingum, skal lækka útsvar hans

um 1500 kr. Hafi gjaldandi fleiri en þrjú börn innan 16 ára aldurs á framfæri sínu skal enn fremur lækka útsvar hans um 3 000 kr. fyrir hvert barn umfram þrjú. Fjárhæðir þessar skulu breytast í samræmi við skattvísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 53. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum.

Aftan við sömu gr. laga nr. 8/1972 bætist ný mgr., er hljóði svo:

Þeir, sem hafa tekið upp heimilisfesti hér á landi á næstliðnu almanaksári, skulu njóta lækkunar á útsvari samkvæmt þessari grein í hlutfalli við dvalartíma sinn hér á landi á því ári.

9. Við 15. gr. (sem verði 17. gr.) bætist ný mgr., er orðist svo:  
c-liður 27. gr. laga nr. 8/1972 breytist svo:  
Í stað orðanna „1.—4. tölulið“ komi orðin: 1.—7. tölulið. Aftan við orðin „laga nr. 68/1971“ komi orðin: með síðari breytingum.
10. 16. gr. (sem verði 18. gr.) orðist svo:  
43. gr. laga nr. 8/1972 hljóði svo:  
Séu gjöld samkvæmt lögum þessum eigi greidd innan mánaðar frá gjalddaga, skal greiða sveitarsjóði dráttarvexti af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10 frá 29. mars 1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Dráttarvextir reiknast með sama hætti og hjá innlánsstofnunum.
11. Á eftir 16. gr. (sem verði 18. gr.) bætist ákvæði til bráðabirgða:

#### Ákvæði til bráðabirgða.

- a) 43. gr. laga nr. 8/1972 gildi svo orðuð til og með 31. desember 1975:  
Ef gjöld samkvæmt lögum þessum eru ekki greidd áður en 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal greiða sveitarsjóði dráttarvexti af því, sem ógreitt er, 1½% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði sem liður, talið frá og með gjalddaga, uns gjaldið er greitt.
- b) Þar til nýtt fasteignamat hefur tekið gildi, er ráðherra heimilt að ákveða fyrir 15. nóv. ár hvert, að gjöld næsta árs, sem reiknuð eru sem hlutfall af fasteignamati, megi breytast í hlutfalli við þá breytingu byggingarvísitölu, sem orðið hefur frá 1. nóv. árið áður til 1. nóv. ákvörðunarársins.

Við V. kafla.

12. Við 18. gr. (sem verði 20. gr.). Greinin orðist svo:  
Afnema skal tolla af vörum, sem falla undir eftirfarandi tollskránum, sbr. lög nr. 6/1974, um tollskrá o. fl.:  
08.01.10 Bananar, nýir.  
08.02.10 Appelsínur, tangarínur, mandarínur og clementínur.  
08.02.21 Sítrónur.  
08.06.10 Epli.  
08.09.01 Melónur.

Við VI. kafla.

13. Við 20. gr. (sem verði 22. gr.). Greinin orðist svo:  
Á tímabilinu 1. maí 1975 til loka febrúar 1976 skal greiða flugvallagjald, er renni til ríkissjóðs, vegna hvers manns, sem ferðast með loftfari innanlands eða frá Íslandi til annarra landa.  
Undanþegin gjaldskyldu eru börn innan 2 ára aldurs, skráðar áhafnir loftfara, þeir sem viðkomu hafa á Íslandi skv. farseðli milli annarra Evrópulanda og Ameríku og þeir sem ferðast með loftföllum varnarliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi.  
Heimilt er að innheimta tilsvarendi gjald vegna farþega, sem fara með skipum frá Íslandi til annarra landa. Nánari ákvæði um framkvæmd ákvæða þessarar málsgreinar skulu sett í reglugerð. Að öðru leyti gilda um þessi gjöld ákvæði 23., 24., 25., 26. og 27. gr. þessa kafla.

14. Við 21. gr. (sem verði 23. gr.). Greinin orðist svo:  
 Flugvallagjald skal vera 2 500 kr. fyrir hvern farþega, sem ferðast frá Íslandi til annarra landa, þó 1 250 kr. fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára. Fyrir hvern farþega, er ferðast innanlands að eða frá Reykjavíkflugvelli og Keflavíkflugvelli, skal gjaldið nema 350 kr., þó 175 kr. fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára. Sama gjald skal greiða vegna farþega, er fara til Grænlands eða til Færeyja. Fyrir hvern farþega, er ferðast milli annarra flugvalla innanlands, skal gjaldið vera 175 kr., þó hálf gjald fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára. Flugvallagjald skal fella inn í verð farseðils.
15. Við 22. gr. (er verði 24. gr.). Orðin „frá Íslandi“ í 2. mgr. falli brott.
16. Við 23. gr. (er verði 25. gr.). Orðin „frá Íslandi“ í 2. mgr. falli brott.

Við VII. kafla.

17. Við 26. gr. (er verði 28. gr.). 2. mgr. breytist svo:  
 Í stað orðanna „útsvarsskyldra tekna“ komi orðin: vergra tekna til skatts.  
 Í stað „200 000 kr.“ komi: 250 000 kr., og í stað „300 000 kr.“ komi: 375 000 kr.

Við IX. kafla.

18. Við 32. gr. Greinin falli brott.
19. Á eftir 33. gr. (sem verði 34. gr.) komi ný grein, er verði 35. gr. og orðist svo:  
 Á meðan innheimt er flugvallagjald skv. VI. kafla þessara laga skal fella niður söluskatt af fólksflutningum með loftförum innanlands.
20. Við 34. gr. (er verði 36. gr.). Greinin orðist svo:  
 I., II. og III. kafli laga þessara öðlast þegar gildi og skulu ákvæði II. og III. kafla koma til framkvæmda við álagningu skatta til ríkissjóðs og útsvara til sveitarsjóða fyrir skattárið 1974. Ákvæði 1. mgr. 10. gr. og 16. gr. skulu þó fyrst taka gildi 1. janúar 1976.  
 IV. kafli laga þessara öðlast gildi 1. júlí 1975.  
 V. kafli laga þessara öðlast þegar gildi.  
 VI. kafli laga þessara öðlast gildi 1. maí 1975.  
 VII., VIII. og IX. kafli laga þessara öðlast þegar gildi.